

**Nd.**

**152. Nefndarálit**

[107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Nefndin vísar til yfirlýsinga hv. forsætisráðherra um að staðið verði við allar skuldbindingar stjórnvalda um aðstoð og fyrirgreiðslu vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað.

Gylfi Þ. Gíslason tekur fram, að hann geri ráð fyrir því, að sömu reglur gildi um bótageiðslur í Neskaupstað og gilt hafa í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 11. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form.	Tómas Árnason, frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.
Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson. Lúðvík Jósepsson.	Ey. Kon. Jónsson.